

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 167/2003**

**frá 5. desember 2003**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2003 frá 26. september 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 666/2003 frá 11. apríl 2003 um að leyfa til bráðabirgða notkun tiltekinna örvera í fóðri <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2003 frá 11. apríl 2003 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fóðri <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 676/2003 frá 14. apríl 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2001 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í fóðri <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 871/2003 frá 20. maí 2003 um varanlegt leyfi fyrir nýja aukefninu trimangantetraoxíði í fóðri <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 877/2003 frá 21. maí 2003 um að leyfa til bráðabirgða notkun sýrustillisins bensósýru í fóðri <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1v (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2001):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 10 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 97, 15.4.2003, bls. 29.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 125, 21.5.2003, bls. 3.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 24.

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 R 0676:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 676/2003 frá 14. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 97, 15.4.2003, bls. 29).“
- 2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB):
  - „1zd. **32003 R 0666:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 666/2003 frá 11. apríl 2003 um að leyfa til bráðabirgða notkun tiltekinna örvera í fõðri (Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 11).
  - 1ze. **32003 R 0668:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2003 frá 11. apríl 2003 um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fõðri (Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 14).
  - 1zf. **32003 R 0871:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 871/2003 frá 20. maí 2003 um varanlegt leyfi fyrir nýja aukefninu trímangantetraoxíði í fõðri (Stjtið. ESB L 125, 21.5.2003, bls. 3).
  - 1zg. **32003 R 0877:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 877/2003 frá 21. maí 2003 um að leyfa til bráðabirgða notkun sýrustillisins bensósýru í fõðri (Stjtið. ESB L 126, 22.5.2003, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 666/2003, 668/2003, 676/2003, 871/2003 og 877/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*